

að heimta heytoll af húsmönnum, sem hafa afnot af jörðu til beitara og slægna fyrir málnytu og annan pening, er þeir hafa sjer og sínum til framfæris, þar á móti liggur það fyrir utan verkabring valdstjórnarinnar að leggja fullnaðardóm á það, hvort hinn einstaki gjaldþegn sje skyldur að greiða gjaldið, og er það samkvæmt hlutarins edli og löggjöfinni dómsmál. Neiti húmaður að greiða heytoll, getur hlutaðeigandi prestur gjört eitt af tvennu. Hann getur sótt gjaldþegninn á vanalegan hátt fyrir dómi til að greiða tollinn, og á presturinn von á að fá gjafsókn í slíku máli; og hann getur látið taka gjaldið lögtaki á sína ábyrgð, en það er þá þeim, sem verður fyrir lögtakinu, frjálst, að höfða mál út af því fyrir dómstólunum gegn prestinum. Hvað nú snertir þá spurningu, hvort prestar megi krefja hina nefndu húsmenn um heytoll, þá hafa stiptsyfirvöldin þegar í brjefi frá 1. febrúar 1869¹ til prófastsins kveðið upp það álit, að svo megi vera, og sinn jeg, með því að ákvarðanir þær, sem hjer koma til greina, einkum í hinum svokallaða Þíningsdómi frá 1489, og í presta- eða lögrjettumannadómi frá 1510, koma ekki í bága við þetta álit, enda eru þær ekki alveg samkvæmar og virðast bygðar á eldri ákvörðunum, sem eigi nú eru kunnar, eigi ástæðu til að breyta úrskurði stiptsyfirvaldanna í nefndu brjefi.

Brjef landshöfðingja (til stiptsyfirvaldanna).

Kennari við hinn lærða skóla hjer í bænum Benidikt Gröndal hefur í brjefi frá 4. þ. m. sótt um 400 króna styrk af fje því, sem veitt er fyrir þetta ár til ýmislegra óvissra útgjalda, til að semja lýsingu á Reykjavík og Seltjarnarnesi og um leið koma upp safni íslenzkra nátturuhluta. Lýsinguna ætlar hann að láta vera á 100 blöðum af stórum uppdráttarpappír, og eiga á þeim að vera auk korta yfir Reykjavík og Seltjarnarnes og einstaka hluti þess, myndir af Reykjavík og Seltjarnarnesi, fjallasýninu allt í kring, einstökum merkilegum húsum, öllum dýrum, sem hjer finnast og beiðandinn getur náð, flokkuðum eptir kynjum og ættum, jurtum, steinum og jarðtegundum; þessum myndablöðum á að fylgja skýring, og safn af náttúruhlutum þeim, sem lýst er, og ætlar beiðandinn að sjá um, að náttúruhlutir þessir verði geymdir, með því að kaupa glös utanum þau dýr, sem

1) Í þessu brjefi segir meðal annars svo:

„Vjer álitum það ómótælanlegt, að allir þeir húsmenn, sem hafa grasnytjar og gjalda tíund til sveitar eigi að greiða presti heytoll, en um hitt getur verið meiri efi, hvort grasnytjar eigi líka að skilja um heyskaup eða einungis um þá, sem hafa füst umráð yfir grasþýli eða jarðarparti. Þar sem sagt er í dómi frá 1510, að þeir, sem hafa búskap og grasnytjar, skuli greiða presti heytoll, þá lýtur það eingöngu til hjáleigna bænda, eins og presturinn hefur tekið fram, en verður ekki heimfert upp á nú verandi ástand húsmanna, sem kaupa heyskaup eða heyskaup fyrir nokkrar skepnur. Að vísu er oss það kunnugt, að Geir biskup Vídalín í brjefi til prófastsins í Eyjaþarðarsýslu dags. 30. marz 1812 hefur álitit, að húskona sú, sem spurzt var fyrir um, og sem átti 2 málnytukúgildi eða jafnvel meira og grasnyt fyrir þau, ætti að svara heytoll til prests, og í öðru brjefi 12. apríl 1804 ályktað, að hin sama skylda hvíldi á öllum, sem hefðu eldstó og „familie“, ásamt málnytu sjer og sínum til framfæris, þótt þeir ekki hafi heyskaup fyrir hana á þeim bæ, hvar þeir upphalda eger, heldur kaupi hann eða leigi annarstaðar, sem og að stiptsyfirvöldin seinna í brjefum sínum og einkanlega í brjefi til prófastsins í Þingeyjarsýslu 1. ágúst 1839 hafa vísað til tjeðra biskupsúrskurða og byggt álit sitt á þeim. En þar sem eins og hjer, ekki eru til heinlínis lagaákvæðanir eða dómar sem taka af öll tvímæli, þykir oss efasamt, að hlutaðeigandi gjaldendur nú á tímum álitis sig bundna við yfirvaldaúrskurði, ef þeir ganga þeim á móti, eins og líka dómstólarnir mundu þegar svo á stendur, mikið tillit hafa til venjunnar á hverjum stað, eins og eðlilegt er, og sem vjer einnig verðum að leggja áherzlu á. Þótt vjer því fyrir vort leyti álitum eðlilegast að binda lambsfóðurskylduna við umráð einhvers jarðarparts, getur það þó ekki álitit hinum gildandi lögunum ósamkvæmt, að þeir sem hafa skepnur og kaupa heyskaup fyrir þær, greiði presti lambsfóður, þó ekki hafi þeir jörð eða jarðarpart til umráða, þar sem sú venja er komin á, og það því síður, þegar um þá menn er að ræða sem eru í skiptitíund eins og presturinn segir, að eigi sjer stað í sinni sóku, því að þetta sýnir, að þeir hljóti að hafa talsverðan pening, sem naumast yrði framfluttur nema á afnotum einhvers jarðarparts til beitara og slægna. Að öðru leyti heyrir þetta mál undir úrskurð dómstólanna.“

1875

8da
marts

geyma má í spiritus, láta smíða skáp, járnteina til að halda uppi beinagrindum o. s. frv. Þetta allt ætla heidandinn að gefa hinum lærða skóla, er þannig mun eignast innlendi myndasafn og innlendi náttúruhlutasafn, er síðar getur aukizt víðar frá landinu.

Með þessum skilyrðum hef jeg veitt styrk þann, sem sótt hefur verið um, þannig, að helmingurinn verði ávísaður skólakennara Benidikt Gröndal nú þegar, og hinn helmingurinn síðar á þessu ári, þegar verk hans og safnið er komið svo langt á veg, að viss ráð megi gjöra fyrir, að það verði húið eins og ætlað er til, en heidandinn ætla að byrja verkið í vor og ljúka við það að ári.

Jafnframt því að ljá yður herra amtmaður og yður háæruverðugi herra þetta til þóknunarlegrar athugunar og til þess, að þjer birtið það skólakennara Benidikt Gröndal, skal jeg biðja yður á sinum tíma að ráðstafa því, sem nauðsynlegt er til, að náttúruhlutasafni því og myndum þeim, er getið er um, verði veitt viðtaka af hinum lærða skóla, og að það verði geymt þar á þann hátt, sem samsvarar edli safnsins og ætlun gefandans.

Brief landshöfðingja (til beggja amtmanna).

12
9da
marts

Með því að verzlunarskýrslum þeim, sem jeg hingað til hef meðtekið, hefur verið mjög ábótavant, og jeg hef ástæðu til að halda, að gallar þeir, sem eru á þeim, komi af því, að ekki sje nákvæmlega gætt þess, sem fyrirskipað er í brjefi dómsmálastjórnarinnar frá 30. septbr. 1863 um þessar skýrslur, skal jeg hjer með hafa yður herra amtmaður umbedinn að brýna fyrir öllum lögreglustjórum, er undir yður eru skipaðir, að þeir eigi, undireins og skip komi til einhverrar hafnar í lögsagnarumdæmi þeirra, að fá skipstjóranum eyðublað undir vöruskýrslu og bjóða honum að útfylla það nákvæmlega. Lögreglustjórinn má þar eptir ekki afgreiða skipið, fyrr en hann hefur fengið vöruskýrsluna, staðfesta með nafni skipstjórans eður þess, sem tekur við vörunum, og hann þaradæuki með því að bera skýrsluna saman við tollskrá eður vöruskrá þá, er fylgir skipinu, hefur fullvissað sig um, að skýrslan sje svo nákvæm, sem kostur er á, og ber honum að rita vottorð sitt um það á skýrsluna. Skýrslur þær, sem þannig eru samdar, á sýslumaðurinn eður bæjarfógelinn að senda beina leið hingað, undir eins og siglingin hæltir, í síðasta lagi með 6tu eður 7du póstferð, svo að þær geti náð hingað innan ársloka, en með vöruskýrslunum sendir sýslumaðurinn hina fyrirskipuðu skýrslu um skip þau, sem komið hafa til verzlunarstaða sýslunnar og þaðan farið.

Skyldi nokkur sigling eiga sjer stað eptir 6tu eður 7du póstferð, ber lögreglustjóranum með 1stu póstferð næsta ár að senda skýrslu um hana og vörur þær, er fluttar hafa verið inn eða út.

Eyðublað þau, undir vöruskýrslur, sem lögreglustjórnir meðþurfa, munu eptir beiðni verða sendar þeim hjeðan.

Embættismenn skipaðir.

Hinn 11. dag janúarmánaðar veittu stiptyfirvöldin prestinum sira Guðmundi Bjarnasyni á Melum Borgar- og Álptanesprestakall í Mýrasýslu.

26. s m. skipaði biskupinn prest Helgafells- og Bjarnarhafnarsafnaða sira Eirík Kúld til að vera prófast í Snæfellsnessprófastsdæmi.

Hinn 15. dag febrúarmánaðar veittu stiptyfirvöldin fyrrum presti Hvammssafnaðar í Skagafirði sira Ólafi Ólafssyni Fagranessprestakall með annexíunni Sjáfarborg í Skagafjarðarsýslu.

Óveitt embætti.

Mela- og Leirárprestakall í Borgarfjarðarsýslu, metið 776,⁴⁷ krónur, auglýst 13. janúar.
Stokkseyrarprestakall í Árnassýslu, metið 1626,⁵⁸ krónur, auglýst 22. janúar. Prestaekkjur 2 eru í brauðinu.

Torfastaðaprestakall í Árnassýslu metið 847,⁷² krónur, auglýst 25. janúar. Í brauðinu er uppgjafaprestur, er nýtur æfilangt þriðjungs af hinum föstu tekjum prestakallsins að meðtöldum arði prestsetursins Torfastaða, og afgjalds af eða afgjaldslausrar úbúðar á hjálcegunni Torfastaðakoti.